

Aðalfundur Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins mánudaginn 20. mars 2023, kl. 20:00

Formaður setur fundinn og minnst Jóhannesar Tómassonar sem lést í október á síðasta ári og var einn af félagsins traustustu félögum. Hann sat í stjórn Krabbameinsfélags Reykjavíkur (nú Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins) frá árinu 1996 (varamaður í tvö ár þar á undan): Hann var kosinn formaður árið 1999 og gegndi því embætti til ársins 2007. Á stjórnarárum sínum í félaginu var hann lengst af einnig varaformaður Krabbameinsfélags Íslands.

Jóhannes var ritstjóri afmælisrits Krabbameinsfélags Reykjavíkur á 50 ára afmælinu 1999 þar sem hann staldraði við helstu þætti í starfsemi félagsins gegnum árin og í ritnefnd útgáfu í tilefni 70 ára afmælis félagsins árið 2019.

Ætíð var gott að leita til Jóhannesar, bæði meðan hann var í stjórninni og eftir að stjórnartíð hans lauk, hann var tilbúinn til að aðstoða og leggja lið, hvort sem það snéri að happdrættismálum félagsins, þar sem hann var á heimavelli varðandi nýja bíla, taka viðtöl, sjá um greinaskrif, yfirlstur eða fundarstjórn.

Bæði Tómas Árni Jónasson faðir Jóhannesar og Anna dóttir hans hafa setið í stjórn félagsins. Þrjár kynslóðir fjölskyldunnar hafa því lagt stór lóð á vogarskálar félagsins til að styðja við tilgang félagsins, baráttuna gegn krabbameini.

Í tilefni 60 ára afmælis félagsins árið 2009 var Jóhannes kjörinn heiðursfélagi. Félagið vildi með þeim hætti veita honum æðstu viðurkenningu sína fyrir stjórnarstörf í rúman áratug og öflugan stuðning við baráttuna gegn krabbameini.

Félagar risu úr sætum í virðingarskyni við hinn látna.

Formaður stingur upp á að fela Nönnu Friðriksdóttur fundarstjórn og Þórunni Sævarsdóttur ritun fundargerðar. Sú tillaga var samþykkt og tóku þær í kjölfarið við sínum verkefnum.

Skýrsla félagsstjórnar.

Formaður flutti skýrslu félagsstjórnar og fór yfir helstu atriði í starfi félagsins. Á síðasta ári voru stjórnarfundir níu milli aðalfunda og sóttu varamenn þá til jafns við aðalmenn. Formaður, gjaldkeri og framkvæmdastjóri funduðu eftir þörfum.

Guðlaug B. Guðjónsdóttir er framkvæmdastjóri í fullu starfi Jóhanna Kristjánisdóttir hjúkrunarfræðingur og starfsfólk fyrirtækisins Heilsulausna eru okkur innan handar varðandi tóbaksvarnir og ráðgjöf fyrir skóla, einstaklinga og fyrirtæki.

Félagsmenn eru 1.999, ævifélagar eru 29 og heiðursfélagar 14.

Tilgangur félagsins er að styðja í hvívetna baráttuna gegn krabbameini, og því hyggst félagið ná með því að fræða almenning um krabbamein og krabbameinsvarnir, að stuðla að aukinni menntun heilbrigðisstétta í greiningu, fyrirbyggjandi aðgerðum og meðferð krabbameins. Að veita krabbameinssjúklingum og aðstandendum þeirra stuðning og stuðla að krabbameinsrannsóknum hér á landi.

Árveknisskilaboð hafa verið í vinnslu og eru byggð á „European Code Against Cancer – tólf leiðir til að draga úr líkum á krabbameini“. Þau fóru í birtingu á samfélagsmiðla í desember og janúar sl. Með skilaboðunum sem eru myndskreytt með skemmtilegum persónum á að koma á framfæri við almenning ávinningi af ýmiss konar hollum lífsháttum sem skipta máli, t.d. varðandi krabbameinsáhættu og mikilvægi skimana. Með skilaboðunum á okkar félagasvæði náðum við til um 188.000 manns í þessari fyrstu umferð. Aðildarfélögum Krabbameinsfélagsins var boðið að nýta skilaboðin á sínum félagssvæðum og þáðu það nokkur félög. Í maí nk. verða skilaboðin sýnd aftur á samfélagsmiðlum og fyrir þann tíma munum við kanna aftur áhuga annarra aðildarfélaga á þátttöku.

Áfengi er einn mikilvægasti áhættuþátturinn fyrir mörg krabbamein. Félagið fékk styrk úr lýðheilsusjóði til að vinna fræðsluefni um krabbamein og áfengi og var það unnið í samráði við Krabbameinsfélag Íslands. „Fimm staðreyndir um áfengi og krabbamein“ sem var gefnar voru út af Alþjóða heilbrigðismálastofnuninni á síðasta ári hafa verið nýttar sem skilaboð á samfélagsmiðlum og fengið mjög gott áhorf. Í fyrravor sáu meira en 225 þúsund manns klippurnar og viðtökur voru líka mjög góðar í janúar sl.

Fræðslurit Krabbameinsfélagsins í nýja forminu eru átta talsins en mörg rit eru til viðbótar eingöngu á vefsíðu Krabbameinsfélagsins svo og annað fræðsluefni sem Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins hefur látið útbúa eða aðstoðað við með yfirlestri og fleiru. Í samstarfi við Ráðgjafarþjónustuna er vinna við að uppfæra gögn um réttindi sjúklinga langt komin. Efni þetta á að þýða svo yfir á pólsku og ensku.

Í samstarfi við dag- og göngudeild blóð- og krabbameinslækninga 11 B er verið að þýða ýmislegt fræðsluefni deildarinnar yfir á pólsku.

Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins og Brjóstamiðstöð Landspítalans eru í samvinnu við að finna leiðir til að bæta mætingu í skimun fyrir brjóstakrabbameini. Einungis um 54% kvenna mæta í reglubundna skimun og sú tala hefur lækkað mikið undanfarin ár sem er mikið áhyggjuefni. Íslenskar konur eru með lélegustu mætinguna í skimun af Norðurlöndunum. Þessu verðum við að breyta. Verið er að vinna að því að fá fleiri samstarfsaðila að verkefninu. Samhliða þessu var ákveðið að gera fræðslumynd um brjóstakrabbamein. Vinna við hana er hafin og stefnt að sýningu í haust.

Loksins virðist hylla undir það að skimun fyrir ristil- og endaparmskrabbameini sé að verða að veruleika og vonandi síðar á þessu ári. Umsjón skimana verður hjá Samhæfingarmiðstöð krabbameinsskimana sem er undir Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Félagið mun leggja sitt af mörkum við að kynna mikilvægi þessarar forvarnar.

Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins hefur um árabil sinnt tóbaksvörnum og hefur átt mjög farsælt samstarf við starfsfólk Ráðgjafar í reykbindindi sem voru okkar mestu sérfræðingar í reyk- og tóbaksbindindi. Við vísuðum mörgum þeim sem til okkar leituðu varðandi aðstoð við að hætta tóbaksnotkun til Ráðgjafar í reykbindindi. Sérstaklega þegar reykbindindisnámskeiðum félagsins fækkaði. Jóhanna Kristjánsdóttir, sem var verkefnastjóri þjónustunnar, hefur komið að sem sérlegur ráðgjafi og sinnt fræðslu við hin ýmsu verkefni sem Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins hefur sinnt í tóbaksvörnum. Má þar nefna átak í Mottumars fyrir nokkrum árum, þátttöku í verkefnahópi um að vinna sérstaklega með ófrískum konum sem nota tóbak (og þeirra maka), verkefnið „Nýtt líf án tóbaks“ sem unnið var í samstarfi við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og aðstoð og fræðslu á námskeiðum um rafsígarettunotkun í grunn- og framhaldsskólum.

Við höfum lengi viljað ná til hópa sem af ýmsum félags- og menningarlegum ástæðum hefur gengið lakar að ná til með tóbaksvarnir og reykleysisupplýsingar en annarra. Það yrði gert með því að virkja til samstarfs fyrirtæki/vinnustaði þar sem reykingar eru almennari meðal starfsfólks en almennt er, með samstarfi við

ýmsa aðila sem veita atvinnulausum þjónustu og aðstoð, samstarfi við félög fólks af erlendum uppruna sem vegna tungumálatakmarkana eiga erfitt með að notfæra sér upplýsingar og fræðslu á íslensku. Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins og Krabbameinsfélag Íslands stóðu í fyrravor fyrir þjálfunar- og leiðbeinendanámskeiði fyrir þrjá Pólverja til að halda utan um reykbindindisnámskeið og ráðgjöf fyrir landa þeirra hér á landi sem reykja/nota tóbak og vilja fá aðstoð við að hætta. Vitað er að reykingar eru mjög útbreiddar í pólska samfélaginu hér á landi. Jóhanna S. Kristjánsdóttir, hjúkrunarfræðingur og okkar helsti sérfræðingur í tóbaksvörnum, var sérlegur ráðgjafi og leiðbeinandi og útbjó fræðsluefni til að nýta á námskeiðum og við ráðgjöf. Ásgeir Helgason sálfræðingur og sérfræðingur hjá Krabbameinsfélaginu leiðbeindi varðandi samtalstækni og Nina Slowinska félagsráðgjafi hjá Krabbameinsfélaginu er tengill við pólska samfélagið hér og við leiðbeinendurna. Leiðbeinendurnir hafa eftir námskeiðið allir tekið nokkra einstaklinga í ráðgjöf við að hætta að reykja. Einn þeirra bjó á höfuðborgarsvæðinu, einn á Suðurnesjum og sá þriðji á Akureyri. Því miður þurfti sá sem býr á okkar félagssvæði að hætta vegna anna. Búið er að senda beiðni um samstarf til stjórnna Krabbameinsfélags Suðurnesja og Krabbameinsfélags Akureyrar og nágreannis þar sem óskað er eftir samvinnu við að skipuleggja reykbindindisnámskeið og ráðgjöf fyrir Pólverja hér á landi sem reykja og vilja fá aðstoð við að hætta.

Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar átti í mörg ár samstarf við Hafnarfjarðarbæ og vann dyggilega að forvörnum gegn tóbaksneyslu barna og ungmenna sem að sjálfsögðu var framhaldið undir nafni Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins. Áherslan beinst að munntóbaksforvörnum og fræðslu um rafsígarettur og nikótínþúða. Hin góða fyrirmynd, Jón Ragnar Jónsson tónlistar- og fjölmiðlamaður, hefur séð um þessa fræðslu fyrir nemendur í 8. bekk í Hafnarfirði Norræn félagasamtök í tóbaksvörnum funda reglulega og hafa með sér margvíslegt samráð. Guðlaug er fulltrúi Krabbameinsfélagsins í þessu samstarfi, sem hefur verið ákaflega gefandi. Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins og Heilsulausnir, sem m.a. sinna fræðslu í grunn- og framhaldsskólum, hafa undirritað samkomulag um samvinnu fyrst og fremst á sviði tóbaks- og nikótínvarna. Einnig sinna Heilsulausnir tóbaksvarnarráðgjöf fyrir okkur, eins og áður sagði.

Mikill áhugi er á samstarfi við Reykjanesbæ varðandi ýmsa forvarnarfræðslu (fyrst og fremst tóbaksvarnarfræðsla) eftir að niðurstaða rannsóknar Krabbameinsskrárinnar sýndi að Suðurnesin eru með meiri krabbameinsáhættu vegna lakari lífshátta á ýmsum sviðum. Búið er að funda með samstarfshópi í bæjarfélaginu og verið er að vinna ýmsa undirbúningsvinnu. Þessi vinna yrði einnig í samvinnu við Heilsulausnir.

Félagið tekur þátt í átaksverkefnum krabbameinsfélags Íslands eins og t.d. bleiki mánuðurinn og mottumars.

Stuðningur við sjúklinga

Einn stuðningshópur starfar núna undir verndarvæng Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins, Stuðningshópur kvenna með krabbamein í kvenlíffærum (áður krabbamein í eggjastokkum). Þetta starfsár hafa samskiptin að mestu verið símleiðis og í tölvupóstum. Stuðningshópurinn hefur notið góðrar aðstoðar og stuðnings Reynis Tómasar Geirssonar, sérfræðings í kvensjúkdómum og fyrrverandi prófessors.

Happdrættið

Tekjum af happdrætti Krabbameinsfélagsins hefur í sextíu og sjö ár verið varið í fræðslu. Það má segja að fræðsla um krabbamein og krabbameinsvarnir hafi lengi vel byggst að miklu leyti á happdrættisfé og óumdeilt er að happdrættið á ríkan þátt í þeim mikla árangri sem náðst hefur í tóbaksvörnum marga síðustu áratugi.

Heildarsala happdrættismiða í happdrættunum 2022 var mun meiri en árið á undan og sérstaklega varð útkoma sumarhappdrættisins betri. Vinningsbíll var til sýnis í sumarhappdrættinu eina viku í Smáralind og í jólahappdrætti í Kringlunni. Kynning og auglýsingar voru í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum. Sala miða í

netverslun Krabbameinsfélagsins er góð viðbót. Sala happdrættismiða til fyrirtækja var hjá fyrirtækinu Markaðsráði. Póstburðargjöld eru verulega íþyngjandi og í jólahappdrættinu var skorið verulega niður í fjölda heimsendra miða.

Stjórn félagsins er að skoða ýmsa möguleika varðandi sölufyrirkomulag happdrættismiða í samráði og samvinnu við fleiri.

Félagið á í samstarfi við ýmsa aðila og má þar meðal annars nefna Samstarf félagasamtaka í forvörnum SAFF, sem stendur að ýmsum verkefnum í forvörnum, Fræðsla og forvarnir FRÆ, Ungmennafélag Íslands IOGT og fleiri. Guðlaug situr í stjórn FRÆ, SAFF og í stjórn Almannaheilla sem fulltrúi krabbameinfélags Íslands svo eitthvað sé nefnt.

Skýrsla stjórnar var borin upp til samþykktar og var samþykkt einróma.

Ársreikningur 2022.

Gjaldkeri stjórnar Jón L. Arnason fór yfir ársreikning félagsins.

Fjárhagsstaða félagsins er góð og gefur ársreikningurinn glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2022 og efnahag þess 31. desember 2022, samkvæmt óháðum endurskoðendum félagsins.

Rekstrartekjur félagsins voru 75.146.267 krónur á árinu og rekstrargjöld 72.830.484. Hagnaður ársins er samtals kr. 5.752.665.

Fastafjármunir eru samtals. Kr. 78.805.095 og veltufjármunir samtals. Kr. 113.693.806

Eignir eru samtals kr. 192.498.901

Eigið fé er samtals kr. 154.377.012 og skammtímaskuldir kr. 38.121.889

Skoðunarmenn gerðu engar athugasemdir við ársreikninginn, hann var borinn upp til samþykktar og samþykktur án athugasemda.

Ákveðin upphæð árgjalda.

Stjórn leggur til að árgjald verði óbreytt frá því sem verið hefur, 2.500 kr. Það var samþykkt án athugasemda.

Stjórnarkjör.

Stjórnin hefur verið þannig skipuð:

Formaður Árni Einarsson, varaformaður Ásgerður Sverrisdóttir og gjaldkeri Jón L. Arnason.

Meðstjórnendur: Arnar Hauksson, Hafrún Dóra Júlíusdóttir, Magnús Gunnarsson og Þórunn Sævarsdóttir

Í varastjórn hafa verið: Gestur Svavarsson, Vala Smáradóttir og Þorbjörg Guðmundsdóttir sem gengt hefur hlutverki ritara á starfsárinu.

Úr stjórn eiga að ganga: Arnar Hauksson, Hafrún Dóra Júlíusdóttir, og Þórunn Sævarsdóttir. Arnar og Hafrún Dóra gefa kost á sér áfram en ekki Þórunn.

Kjósa þarf þrjá meðstjórnendur til tveggja ára: tillaga stjórnar – eftir tillögum uppstillinganefndar:

Arnar Hauksson, kvensjúkdómalæknir

Hafrún Dóra Júlíusdóttir, fjármálastjóri

Vala Smáradóttir, viðskipta og verkefnastjóri

Ekki bárust aðrar tillögur og var tillaga stjórnar og uppstillinganefndar samþykkt einróma.

Kjósa þarf þrjá varamenn til eins árs.

Tillaga stjórnar - eftir tillögum uppstillinganefndar

Gestur Svavarsson, upplýsingtækniráðgjafi

Jóhanna Kristjánsdóttir, hjúkrunarfræðingur

Kristjana G. Guðbergsdóttir, hjúkrunarfræðingur,

Ekki bárust aðrar tillögur og voru þessar tillögur samþykktar

Kosning tveggja félagskjörinna skoðunarmanna ársreikninga til eins árs.

Tillaga:

Birna Guðmundsdóttir

Jón Auðunn Jónsson

Til vara: Skúli Jón Sigurðarson

Tillagan var samþykkt og ekki komu fram aðrar tillögur

Kosning löggilts endurskoðanda.

Tillaga er um að Rögnvaldur Dofri Pétursson endurskoðandi hjá Ernst & Young verði löggiltur endurskoðandi félagsins.

Tillagan var samþykkt.

Kosning í uppstillingarnefnd til eins árs.

Tillaga um Ásu Karen Hólm, Jón Auðunn Jónsson og Þóra Magnea Magnúsdóttir. Tillagan var samþykkt.

Framlag í varasjóð og ráðstöfun framlaga úr varasjóði.

Stjórn leggur til að varasjóður verði óbreyttur (10.000.000 kr) hvorki aukið framlag né ráðstafað úr honum, tillaga stjórnar var borin upp til samþykktar og samþykkt einróma.

Kosnir fulltrúar á aðalfund Krabbameinsfélags Íslands.

Tillaga um að aðalmenn í stjórn verði aðalfulltrúar félagsins á aðalfund KÍ og varamenn, verði varafulltrúar á fundinn, sú tillaga var samþykkt

Lagabreytingar.

Stjórn var á síðasta aðalfundi falið að yfirfara lög félagsins með tilliti til laga um félög til almannaheilla. Endurskoðuð lög voru kynnt og breytingar voru lagðar fram til samþykktar.

Kynntar breytingar á lögum félagsins voru einróma samþykktar af fundarmönnum.

Önnur mál.

Ályktanir.

Formaður kynnti tillögu stjórnar að ályktun vegna laga um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur.

Ályktun vegna löggjafar um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur

Aðalfundur Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins, haldinn 20. mars 2023, hvetur stjórnvöld til að bregðast af festu við notkun nikótíns en hún hefur margfaldast á stuttum tíma og má einkum rekja það til aukinnar sölu nikótínþúða. Allar nikótínvörur sem ekki eru skilgreindar sem lyf ættu að falla undir tóbaksvarnarlög.

Greinargerð:

Stjórnvöld hafa verið sein að bregðast við nýjum og oft á tíðum útsmognum aðferðum innflytjenda og seljenda þessara vara í sölu og markaðssetningu. Með því hefur mikilvægur tími tapast og afleiðingin er aukinn fjölgun þeirra sem verða háðir nikótíni, einkum meðal barna og ungmenna.

Tóbaksvarningur (reyktóbak, reyklaust tóbak, rafrettur og aðrar nikótínvörur) er mjög ávanabindandi og rannsóknir benda til þess að fikt með slíkar vörur þróist oft út í daglega notkun, ekki síst meðal unga fólksins. Tóbaksframleiðendur, sem margir eru einnig framleiðendur nikótínþúðanna, hafa lagt sig fram við að auglýsa nikótínvörunar sem „tóbakslausar“ (t.d. rafsígarettur og nikótínþúða) en með því er lítið gert úr skaðsemi nikótíns. Þessi aðgreining hefur þau áhrif að hætt er við að notkun barna og ungmenna á þessum skaðlegu vörum sé ekki tekin föstum tókum.

Mjög mikilvægt er að að bregðast við auglýsingum sölustaða nikótínþúða þar sem vörumerki verslana eru markaðsett mjög víða og ekki síst í vinsælum sjónvarpsútsendingum þar sem börn og ungmenni fylgjast gjarna með. Banna þarf öll bragðefni í þessum vörum, banna afslátt við magnkaup og punktasöfnun.

Með markvissum aðgerðum, bæði af hálfu stjórnvalda og almannasamtaka, ekki síst Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins og annarra krabbameinsfélaga, tókst á skömmum tíma að draga verulega úr reykingum þannig að þær eru nú orðnar hverfandi. Andvaraleysi stjórnvalda og hik sýnir hversu skamman tíma getur tekið að brjóta niður áratuga forvarnastarf.

Ályktunin var samþykkt.

Styrkafhending.

Formaður kynnti ákvörðun stjórnar að verja rekstrarafgangi ársins 2022 til styrktar íslenskum rannsóknum á krabbameinum og. En stjórn ákvað á fundi sínum 15 mars 2023 að veita Vísindasjóði Krabbameinsfélagsins fimm miljóna króna framlag.

Ragnheiður Haraldsdóttir formaður stjórnar vísindasjóðsins veitti styrknum viðtöku og kynnti lauslega starfsemi sjóðsins. Ragnheiður þakkaði félaginu stuðning við sjóðinn allt frá upphafi hans.

Vísindasjóður Krabbameinsfélags Íslands hefur nú þegar veitt yfir 300 miljónum til rannsókna.

Fundarstjóri gaf formanni orðið og þakkaði fyrir góðan fund. Fundi var slitið kl 21.31 að loknum fundi flutti Sveinn Magnússon erindi um sögu tóbaksvarna á Íslandi. Boðið var upp á kaffiveitingar.